



# Íslandsmót öldunga (50+) 2014

**Íslandsmót öldunga, verður haldið í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð dagana 12. – 14. apríl.**

**Forkeppni - helgina 12. – 13. apríl kl. 09:00 í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og Egilshöll**  
Allir keppendur spila 12 leiki í forkeppninni, 6 leiki hvorn dag, annan daginn í Keiluhöllinni Öskjuhlíð og hinn daginn í Keiluhöllinni Egilshöll. Efstu 8 karlarnir og efstu 8 konurnar halda áfram í undanúrslit. Verð í forkeppni kr. 10.000,-

**Undanúrslit - mánudaginn 14. apríl kl. 19:00 í Keiluhöllinni Egilshöll**  
Efstu 8 karlarnir og efstu 8 konurnar spila 7 leiki, allir við alla, einfalda umferð. Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika síðan til úrslita strax að loknum undanúrslitum. Verð í undanúrslit kr. 5.500,-

**Úrslit - mánudaginn 14. apríl strax að loknum undanúrslitunum**  
Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3 stig). Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (1/2 stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall.  
Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari öldunga.

**Olíuburður** í mótinu er [2013 USBC Senior Masters](#)

**Sjá nánar** í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót öldunga](#).

**Skráning** fer aðeins fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 10. apríl kl. 22:00

Mótanefnd KLÍ

Ef aðsókn beggja kynja verður of lítil verður sameinað í einn flokk og fá þá konur 8 pinna í forgjöf.